

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/571*  
*komudagur 30.11.2007*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. allsherjarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 29. nóvember 2007

0711367SA /GB  
Tilv.: 130

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál**

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með bréfi dags. 15. nóvember sl. Í frumvarpinu er lagt til að lög um samræmda neyðasímsvörun verði löguð að breyttum aðstæðum og þróun sem orðið hefur frá setningu laga um samræmda neyðasímsvörun, nr. 25/1995.

#### **1. Kostnaðaráhrif sem leiða af frumvarpinu**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allir viðbragðsaðilar verði samtengdir í einu samræmdu viðbragðskerfi í gegnum vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar, sbr. 4. gr. Mun þar vera átt við Tetra fjarskipta- og staðsetningarkerfið. Í þessu felst verulegur kostnaður fyrir sveitarfélögin þar sem afnotagjöld af Tetra stöðvum eru mun hærra en af VHF talstöðvum. Sá kostnaður hefur þó ekki verið metinn á grundvelli samkomulags frá 30. desember 2005 um kostnaðarmat lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla gagnvart sveitarfélögum.

Viðbragðsaðilar á vegum sveitarfélaga munu einnig þurfa að fjárfesta í nýjum talstöðvum sem eru mun dýrari en VHF-talstöðvar sem flest slökkvilið hafa notað. Samkvæmt lögum um virðisaukaskatt er heimilt að endurgreiða slökkviliðum VSK af búnaði sem þau kaupa. Árlegar fjárheimildir skv. fjárlögum til endurgreiðslu á búnaði slökkviliða hafa undanfarið verið of lágar og vantar verulega upp á að slökkviliðin fái endurgreiddan allan VSK vegna kaupa á búnaði. Er alger nauðsyn að leiðrétting fái á þessum greiðslum af hálfu ríkisins.

Að áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga er nauðsynlegt að í frumvarpið verði bætt ákvæði um að gjaldskrá Neyðarlínunnar verði samræmd þannig að tryggt verði að einstök sveitarfélög greiði ekki hærra afnotagjöld fyrir hverja talstöð en aðrir viðbragðsaðilar og/eða sveitarfélög, sbr. athugasemd við 9. gr. frumvarpsins.

#### **2. Athugasemdir við einstakar greinar**

##### **Um 8. gr.**

Lagt er til að ákvæði um samstarfsnefnd, sbr. 2. mgr. 8. gr. gildandi laga verði áfram í lögum, þó með ákveðnum breytingum. Ákvæðið gæti t.d. hljóðað svo:

Ráðherra skipar samráðsnefnd sem skal vera til eftirlits og ráðuneytis um framkvæmd laga þessa og reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ráðuneytum og stofnunum sem sinna málum er




lög þessi taka til, s.s. Ríkislögreglustjóra, Byggingarstofnun, og einnig landssamtökum björgunarsveita og annarra aðila sem vinna verkefni á sviði laganna. Ráðherra ákveður nánar í reglugerð hvaða aðilar skuli tilnefna fulltrúa í nefndina og setur nánari reglugerð um starfsvið hennar.

**Um 9. gr.**

Lagt er til að við lokamálið 9. gr. bætist: og kveða á um gjaldskrá viðtækari þjónustu til viðbragðsaðila og fyrir afnotagjöld að öryggis- og fjarskiptakerfi samræmðrar neyðarsvörunar.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræðisviðs